

Ed.

287. Lög

um samþykktir um mat á heyi til sölu.

(Afgreidd frá Ed. 29. marz).

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþykktir fyrir einn hrepp eða fleiri um mat á heyi til sölu.

2. gr.

Pegar samþykkt er gerð á sýslufundi, skal með nægum fyrirvara kvatt til fundar á svæði því, sem ætlazt er til, að samþykktin nái yfir. Sýslunefndin ákveður fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er hún kýs til, auglýsir fundardag og stjórnar fundi. Atkvæðisrétt á þeim fundi eiga allir, er kosningarrétt hafa i sveitarmálefnum.

3. gr.

Á fundi þeim, sem um getur í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp sýslunefndarinnar til samþykktar. Fallist fundurinn með $\frac{2}{3}$ atkvæða á frumvarpið óbreytt, sendir sýslumaður það atvinnumálaráðherra til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með $\frac{2}{3}$ atkvæða og sýslunefnd fellst á þær.

Fallist sýslunefnd ekki á breytingar fundarins, skal kveðja til fundar á ný, og samþykki fundurinn þá frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ atkvæða, fer um það sem fyrr segir.

Frumvarp, sem ekki nær $\frac{2}{3}$ atkvæða á samþykktarfundi, er fallið.

4. gr.

Nú er samþykkt send ráðherra til staðfestingar, en hún þykir fara i bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, eða hún virðist ekki tryggja nægilega

hag kaupanda eða seljanda heys, og synjar þá ráðherra um staðfestingu, endursendir frumvarpið og tilgreinir ástæður fyrir synjaninni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi. Gildir hún þá upp frá því fyrir alla þá, sem kaupa eða selja hey, sem framleitt er á samþykktarsvæðinu.

Staðfestri samþykkt verður ekki breytt á annan hátt en til hennar var stofnað.

5. gr.

Í samþykkt skal ákveða:

- a. Að allt hey, sem selt er kaupanda utan hrepps, skuli metið af matsmönnum, er lögreglustjóri nefnir til, nema aðilar séu á annað sáttir. Lögreglustjóri setur heymatsmönnum erindisbréf, og skulu þeir undirrita drengskaparvottorð áður en þeir taka við starfi sínu, um að þeir vilji rækja það af alúð og samvizekusemi.
- b. Hversu flokka skal hey eftir gæðum.
- c. Hvar mat skal fram fara.
- d. Um merkingu á heyi og umbúnað við sendingu.
- e. Um borgun til matsmanna.
- f. Annað, sem þurfa þykir, eftir atvikum og staðháttum.

6. gr.

Í samþykktum má ákveða sektir í sýslusjóð, allt að 500 kr., fyrir brot gegn þeim. Mál út af þeim brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.